

REGLUGERÐ

**um breytingar á reglugerð nr. 533 16. nóvember 1989, um bann við
tog- og dragnótaveiðum á svæðum fyrir Suðurlandi.**

1. gr.

1. tl. 1. gr. reglugerðarinnar nr. 533/1989 er felldur niður.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976 um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 27. mars 1990.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Gylfi Gautur Pétursson.

REGLUGERÐ

**um breytingu á bráðabirgðareglugerð fyrir Selfossveitur, nr. 57,
9. febrúar 1989, með síðari breytingum.**

1. gr.

Í stað orðanna: „og gildir til 31. mars 1989“ í niðurlagi 51. gr. komi orðin: „og gildir til 31. desember 1990.“

2. gr.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Selfoss, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, til að öðlast þegar gildi.

Iðnaðarráðuneytið, 26. mars 1990.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.